

Ed.

208. Frumvarp til laga

um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur til slysafgæfðra manna eða skylduliðs þeirra samkv. 10. og 11. gr. laga nr. 74 frá 31. desember 1937, um alþýðutryggingar, skulu á árinu 1940 hækka um sömu hundraðstölu og vísitala kauplagnsnefndar hækkar um, sbr. lög nr. 10 frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, og lög um breytingar á þeim lögum frá 5. janúar 1940.

2. gr.

Lífeyrissjóði Íslands heimilast að greiða á árinu 1940 uppbót á ellilaun og örorkubætur samkv. 2. tölulið 80. gr. laga nr. 74 frá 31. desember 1937, um alþýðutryggingar, er nemi allt að sama hundraðshluta og vísitala kauplagnsnefndar hækkar um, sbr. lög nr. 10 frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, og breytingar á þeim lögum frá 5. janúar 1940, enda greiði hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélög tilsvarendi uppbót af sínum hluta.

3. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóði Íslands fjárhæð þá, sem sjóðurinn greiðir samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.